**206. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4, 21. desember 2022 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**
Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri, Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fundurinn var sameiginlegur fundur með velferðar- og mannréttindaráði og eftirfarandi fulltrúar þess ráðs sátu fundinn: Aníta Eir Einarsdóttir og Kristinn Hallur Sveinsson.

Fulltrúum bæjarráðs var boðið að sitja fundinn og eftirfarandi fulltrúar mættu: Líf Lárusdóttir og Ragnar B. Sæmundsson.

Fulltrúum skipulags- og umhverfissvið var boðið að sitja fundinn, Guðmundur Ingþór Guðjónsson sat fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Aðrir gestir fundarins voru: Sveinborg Kristjánsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2205146 - Samfélagsmiðstöðin Dalbraut 8 - uppbygging- framkvæmd verkefnisins**

Skýrsla kynningar og samráðs um samfélagsmiðstöð.
Forgreining hönnunar. Niðurstöður kynningar og samráðsferils. Unnur Helga Kristjánsdóttir ráðgjafi Strategíu kynnir skýrsluna.

*Unnur Helga Kristjánsdóttir ráðgjafi Strategíu og verkefnastjóri stýrihóps um samfélagsmiðstöð kynnti lokadrög af skýrslu stýrihópsins: Samfélagsmiðstöð Akraness. Forgreining hönnunar. Niðurstöður kynningar- og samráðsferils.*
*Skóla- og frístundaráð þakkar Unni Helgu Kristjánsdóttur fyrir góða kynningu og vísar málinu til umsagnar í ungmennaráði.*

**2. 2110012 - Barnvænt sveitarfélag**

Kynning á stöðu innleiðingar á barnvænu sveitarfélagi. Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri kynnir verkefnið.

*Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags á Akranesi kynnir stöðuna á innleiðingu verkefnisins. Kynningin er um leið fræðsla til bæjarfulltrúa sem er nauðsynlegur hluti af innleiðingarferlinu.*
*Skóla- og frístundaráð þakkar Sólveigu góða kynningu.*

**3. 2110054 - Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna**

Sólveig Sigurðardóttir verkefnastjóri kynnir stöðu á innleiðingu farsældarlaga.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Sólveigu Sigurðardóttur verkefnastjóra fyrir góða kynningu á stöðu innleiðingar á lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir
[illegible]
Einar Brandsson
Sveinborg Kristjánsd.
Dagný Hauksd.
Arney Ágústsd.